

Stjórnarfundur TKÍ 6. ágúst 2005

2. fundur starfsársins 2005 – 2006

Mætt voru: Jón Ragnar Gunnarsson, Ásthildur M. Jóhannsdóttir, Gunnar Jónsson, Rósa Margrét Grétarsdóttir og Jón Garðar Steingrímsson. Jón Ragnar Gunnarsson setti fundinn kl. 10:10.

1. Fundargerð yfirfarin.

Farið var yfir fundargerð frá 1. fundi starfsársins 2005 - 2006. Örlitlar breytingar voru gerðar á henni, hún samþykkt og undirrituð. Ákveðið var að fundargerðir verði birtar á heimasíðu sambandsins www.taekwondo.is.

2. Sumaræfingabúðir 2005.

Lítillaga var rætt um sumaræfingabúðir 2005. Um 30 einstaklingar voru skráðir og var mæting góð á fimmtudegi og föstudegi en örlítið minni á laugardeginum. Æfingabúðirnar fóru vel fram og voru allir ánægðir. Taekwondosambandið bar fjárhagslega ábyrgð á búðunum sem komu út með 40.000 kr. tapi.

3. Norðurlandamótið í Danmörku 2006.

Norðurlandamótið (NM) 2006 verður haldið í Danmörku, um helgi í janúar en frekari dagsetning er óákveðin. Ákveðið var að kynna ástæður þess að Ísland heldur ekki NM 2006 á formannafundi sem haldinn verður innan skamms.

- Ný keppnisgólf vantar.
- Skortur er á íslenskum dómurum með alþjóðleg dómara réttindi og þó svo að hver þátttökupjóð kæmi með tvo dómara með sér er sú staða óásættanleg.
- TKÍ er núna á barmi fjárhagsvandræða.

4. Keppnisreglur TKÍ.

Endurskoða þarf keppnisreglur TKÍ, í því samhengi var drjúgum hluta fundarins varið í að fara yfir lausnir á vanda þeim. Litið var yfir keppnisreglur Karate-sambandsins, gamlar TKÍ keppnisreglur frá 2001 og farið yfir ýmsa punkta frá Gunnari. Reglurnar þurfa að vera í samræmi við alþjóðareglur og reglugrunn ÍSÍ.

Niðurstaðan var eftirfarandi:

- Ákveðið var að þýða þyrfti keppnisreglur World Taekwondo Federation (WTF) og var haft samband á fundinum við Jón Skaptason, löggiltan skjalaþýðanda Hann samþykkti að líta yfir reglurnar og taka ákvörðun um það hvort hann gæti tekið verkið að sér. Þýðingunni þarf helst að vera lokið fyrir næsta Íslandsmót.
- Út frá keppnisreglum WTF munu síðan íslenskar keppnisreglur mótaðar.
- Sér reglur þurfa að vera til um Íslandsmót og bikarmót. Einnig þarf að vera til leiðarvísir að innanfélagsmótum.
- Eftir smíði keppnisreglanna verður smíðaður gátlisti til að auðvelda mótahald.
- Ákveðið var að reglurnar megi ekki vera það strangar að þær hindri eðlilega framkvæmd móta hérlendis.

5. Félagaskipti.

Eftirfarandi reglur um félagaskipti voru samþykktar.

- Tilkynningu um félagaskipti skal senda í tölvupósti til TKÍ (tki@taekwondo.is) þar sem fram kemur nafn og kennitala þess sem félagaskipta óskar, nafn félags sem hann gengur úr og nafn félags sem hann gengur í.
- Til að félagaskipti geti átt sér stað þarf viðkomandi að vera skuldlaus við félag sitt.
- Félagaskipti virkra Taekwondoíðkenda 16 ára og eldri taka gildi þremur mánuðum eftir að tilkynning þar um hefur borist Taekwondosambandinu.
- Félagaskipti 15 ára og yngri og þeirra sem hafa ekki verið virkir íðkendur í eitt ár eða lengur tekur gildi um leið og tilkynning hefur borist.
- TKÍ áskilur sér rétt til að rannsaka ástæður félagaskiptanna ef þær þykja óeðlilegar og meta hvort farið er að reglum sambandsins.
- Allar tilkynningar um félagaskipti eru geymdar í möppu á skrifstofu TKÍ.

6. Evrópumeistaramótið í Riga 2006

Ákveðið var að TKÍ óski eftir tilnefningum frá aðildarfélögum á mögulegum keppendum til að taka þátt í EM 2005. TKÍ mun síðan útnefna þátttakendur. Ákveðið var að Jón Ragnar muni óska eftir gögnum vegna EM 2006 og einnig óska eftir undanþágu til að mögulegir keppendur frá Íslandi sem ekki enn hafa tekið svart belti fái þátttökurétt.

Rætt var um skipan fylgdarliðs (fararstjórn, þjálfari, lækni/sjúkraþjálfari, sálfræðingur á Evrópumeistaramótið).

7. Önnur mál.

- Enn var skipst á skoðunum um hvernig bréfsefni TKÍ ætti að fá sér. Niðurstaðan var sú að skoða skyldi verð á nokkrum hugmyndum áður en rætt yrði frekar um þennan málaflokk.
- Rætt var um möguleika á að halda vinnuhelgi í lok ágúst mánaðar, ákveðið var að skoða þennan möguleika betur á næstu dögum.
- Rætt var um mögulegar lausnir við þeim vanda að margir efnilegir íðkendur sem ekki enn hafa tekið svart belti standast ekki kröfur ýmissa mótshaldara.
- Rósa ræddi um mikilvægi þess að senda sjúkraþjálfara á EM, var ákveðið að hún hefði samband við Gauta Grétarsson og athugaði möguleikann á því hvort hann komist með og hvað það myndi kosta TKÍ.
- Farið var yfir bágborinn fjárhag TKÍ .
- Að endingu hrósaði Rósa íslenska Taekwondohópnum á Smáþjóðdaleikunum. Vakti samstaða hans og hæverska athygli meðal ÍSÍ og annarra.

Fleira ekki gert og fundi slitið.